



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Norðlingaskóla

Starf skólastjóra Norðlingaskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 4. maí 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 7. apríl sl. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. janúar 2020.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Norðlingaskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggji yfir leiðtogahæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Sex sóttu um skólastjórastöðuna. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsækjendur voru Aðalbjörg Ingadóttir, Björn Gunnlaugsson, Eleni Kalogeraki, Ingólfur Guðnason og Þórdís Sævarsdóttir.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 12. júní 2019 gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Aðalbjörg Ingadóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Norðlingaskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Aðalbjörgu Ingadóttur skólastjóra við Norðlingaskóla frá 1. janúar 2020.

Aðalbjörg lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1987, diplóma frá KHÍ í uppeldis- og menntunarfræðum 2006. Hún lauk meistaraáráðu frá Háskóla Íslands í stjórnunarfræði menntastofnana árið 2012.

Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í 13 ár, sem deildarstjóri í 1 ár, sem aðstoðarskólastjóri og staðgengill skólastjóra í 5 ár og sem skólastjóri í 2 ár.